



Skólanámskrá

Leikskólinn Sólborg, Ísafirði
2025



Uppfærð í apríl 2025 í samráði við starfsfólk leikskólans.
Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.



EFNISYFIRLIT

1. Skólanámskrá leikskólans Sólborgar.....	1
1.1. Sólborg.....	1
1.2. Leiðarljós leikskólans.....	1
2. Leikur sem námsleið.....	3
2.2. Hlutverk kennarans í leik barna.....	4
3. Hlutverk og ábyrgð starfsfólks.....	5
4. Grunnþættir menntunar.....	7
4.1. Læsi og samskipti.....	7
4.1.1. Læsi og samskipti í leikskólanum.....	7
4.2. Heilbrigði og vellíðan.....	8
4.2.1 Heilbrigði og vellíðan í leikskólanum.....	8
4.3. Sjálfbærni og vísindi.....	9
4.3.1. Sjálfbærni og vísindi í leikskólanum.....	9
4.4 Sköpun og menning.....	9
4.4.1. Sköpun og menning í leikskólanum.....	10
4.5. Lýðræði og mannréttindi.....	10
4.5.1. Lýðræði og mannréttindi í leikskólanum.....	10
5. Hugmyndafræði og áherslur.....	11
5.1. Einkunnarorð leikskólans.....	11
Virðing.....	11
Leikur.....	11
Upplifun.....	11
5.2. Hugmyndafræði leikskólans – starf í anda Reggio Emilia.....	12
5.3. Sköpun, skapandi efniviður og þemavinna.....	13
5.4. Skráningar.....	13
5.5. Jákvæður agi.....	13
5.6. Vinaverkefnið Blær.....	14
6. Foreldrasamstarf.....	14
6.1. Foreldrafélag og foreldraráð.....	15
7. Menning leikskólans.....	15
8. Sérfræðipjónusta og farsæld barna.....	16
8.1. Farsæld barna.....	16
9. Mat og matsaðferðir.....	17
9.1. Ytra mat á leikskólastarfi.....	17
9.2. Innra mat á leikskólastarfi.....	18



9.3. Mat starfsfólks og barna leikskólans	18
9.4. Mat foreldra	18
10. Lokaorð	19
Heimildir	20

1. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS SÓLBORGAR

Á grunni laga um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar mótar hver leikskóli Ísafjarðarbæjar sína skólanámskrá. Skólanámsskráin á að birta **sýn, áherslur, gildi og leiðir** hvers leikskóla um nám og starf sem grundvallast af lögum og menntastefnu.

Skólanámsskráin er leiðarljós starfsmanna í starfi og á að gefa foreldrum og öðrum er áhuga hafa upplýsingar um starf leikskólans. Í skólanámsskránni koma fram sérkenni leikskólans, þau markmið sem hann setur sér og starfsaðferðir hans.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast menntun, umönnun og uppeldi barna á leikskólaaldri í samræmi við lög og reglugerðir í samstarfi við foreldra. Í leikskólum skal velferð og hagur barna haft að leiðarljósi í öllu starfi ásamt því að veita þeim umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

1.1. SÓLBORG

Leikskólinn stendur við Torfnæs.

Sími: 450-8285.

Netfang: solborg@isafjordur.is

Heimasíða: <http://solborg.leikskolinn.is/>

Leikskólinn Sólborg var tekinn í notkun 1. febrúar 1998. Þá voru sameinaðir tveir leikskólar, Hlíðarskóli og Skólaskóli. Arkitekt leikskólans er Elísabet Gunnarsdóttir og landslagsarkitekt er Áslaug Traustadóttir hjá Landmótun. Verktaki var Eiríkur og Einar Valur hf.

Leikskólinn rúmar um 60 börn, er þeim skipt niður á fjórar deildir, tvær yngri og tvær eldri. Allar deildir bera gömul örnefni frá stöðum á Ísafirði, Bót, Dokka, Naust og Krókur.

Leikskólinn opnar kl. 7:45 og lokar 16:15. Fjöldi starfsmanna ræðst af aldri barnanna og sérkennsluþörf hverju sinni. Á [heimasíðu leikskólans](#) er hægt að finna ýmsan fróðleik og fréttir af starfinu.

1.2. LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLANS.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna.

Leikskólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk leikskóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.

Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Eftirfarandi leiðarljós eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nær samfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og fjölbreyttum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nær samfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans ásamt leiðum til að afla upplýsinga frá foreldrum um stöðu barnsins.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingabæra reynslu.

- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í leik og daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

(Aðalnámskrá leikskóla,2023)

2. LEIKUR SEM NÁMSLEIÐ.

Í leikskólastarfi á að skapa sérhverju barni bestu leikaðstæður sem völ er á. Leikskólakennarar eiga að hafa markviss áhrif á, taka þátt og efla nám þeirra í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins. Meirihluti leikskóladagsins á að innihalda leik, þar sem hverju barni eru veitt skilyrði til að njóta styrkleika sinna.

Valdefling barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, að börn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og læri að byggja á þeim í merkingarsköpun sinni.

Leikskólastarf á að stuðla að því að börn séu leiðtogar í eigin lífi. Það hefur jákvæð áhrif á vellíðan barna að þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans, að á þau sé hlustað og þau taki virkan þátt í leikskólastarfinu, einnig er það mikilvæg vörn gegn einelti á meðal leikskólabarna. Þegar börn gera sér grein fyrir eigin möguleikum, geta þau betur tekist á við áskoranir, náð ávinningi og sýnt seiglu.

Í leik mynda börn tengsl við aðra, skapa sér þekkingu, taka sér hlutverk, skapa ímyndaðar aðstæður og fylgja reglum leiksins sem þau setja sjálf.

Börn hafa mismunandi áhuga, búa yfir ólíkri reynslu og þekkingu, sem þau auðga leik sinn með. Þannig fer fram samofið nám í leik þar sem börn læra hvert af öðru með stuðningi leikskólakennara. Hægt er að ýta undir samþættingu námsviða með að hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan börnum.

Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst því í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottnum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að setja mörk. Þegar fjallað er um leik hér á eftir er átt við sjálfsprottinn leik.

Einn mikilvægasti þáttur í námi hvers barns eru tengsl þess við önnur börn og kennara. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Leikur yngstu barna leikskóla hefst með hreyfingu líkama, merkingasköpun þeirra fer þannig fyrst og fremst fram í gegnum líkamlegar athafnir. Smám saman verða félagsleg einkenni leiksins ljósari og talað mál meira áberandi.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum meðal annars þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiðum annarra.

Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Fjöldi námsþátta eflast í leik, jafnt vitrænir sem skapandi. Leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumáls, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.

Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en jafnframt er það ábyrgð leikskólakennara að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins. Leikskólakennarar skrá og ígrunda leik barna í samræmi við matsaðferðir og vinnulag hvers leikskóla og hvetja þau til að takast á við ný og framandi viðfangsefni. Þeir skipuleggja og bjóða fram kveikjur, það er efnivið sem grípur athygli barna og vekur áhuga þeirra á að nýta sér hann í leik (Aðalnámskrá leikskóla 2011, Handbók um leik barna í leikskólum, 2024).

2.2. HLUTVERK KENNARANS Í LEIK BARNNA

Kennari á að fylgjast vel með leiknum og á ávallt að vera reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Kennarinn þarf að vera næmur á andlegar og líkamlegar þarfir barnsins og fylgjast gaumgæfilega með börnunum í leik. Börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef kennari er nálægur. Návistin veitir barni öryggi og stuðning. Sérhvert barn þarf að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki en aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Kennarinn fylgist vel með og gerir uppeldislegar skráningar, spyr opinna spurninga.

3. HLUTVERK OG ÁBYRGÐ STARFSFÓLKS

Leikskólakennarar skulu vera mótandi í leikskólastarfi, ábyrgð þeirra er að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins.

Leikskólakennari skal:

- aðlaga námsvið leikskólans að áhuga barna
- vinna að samþættingu leiks við grunnþætti og námssvið leikskóla og hafa yfirsýn yfir hvar og hvernig nám fer fram í leik með hliðsjón af námssviðum leikskóla og grunnþáttum menntunar
- hafa yfirsýn yfir almenna færni og nám barna og vera leiðandi í að efla nám þeirra með þátttöku í leik, vera til staðar, taka þátt í leik barna, styðja við hann og kenna börnum að leika sér ef þess er þörf,
- styðja sérstaklega við yngstu börnin þegar þau taka sín fyrstu skref í leik með öðrum, með tilliti til færni þeirra og tjáningarmáta,
- skrá og ígrunda tengsl barna við önnur börn, fulloröna og umhverfi sitt í gegnum leik,
- skrá og ígrunda leik barna,
- greina og bregðast við valdaójafnvægi og stöðu barns í leik með öðrum börnum,
- velja fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem hvetja til skapandi og ígrundandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum,
- skapa börnum tækifæri til að undrast,
- greina og bregðast við kynjun og fjölmenningu í leik barna,
- leggja grunn að íslenskunámi barna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla málfærni sína í daglegu starfi og leik,
- bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í leik og daglegu starfi. (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2024; Handbók um leik barna í leikskólum, 2024).

Leikskólakennari skal vera faglegur leiðtogi í að skapa aðstæður sem stuðla að;

- opnu og sveigjanlegu skipulagi sem veitir gott svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik barna,
- nægu rými og samfelldum tíma fyrir leik til að þróa hann og dýpka, sjálfsprottnum athöfnum, sjálfræði og styðja við áhuga barna,
- því að börn geti byggt nám sitt á fyrri reynslu og þekkingu,
- leikumhverfi sem veitir aðgengi barna að fjölbreyttum efnivið og eigin val um ólíkar leiðir til að; vinna úr hugmyndum sínum, undrast, rannsaka, finna lausnir, tjá sig og skapa,
- fullgildi barna þannig að þau geti tekið þátt og öðlast gleði í leik,
- góðum leikskilyrðum þar sem vinátta barna og menning þeirra fær notið sín,
- faglegri umhyggju,

- stuðningi við tjáningu barna á tilfinningum sínum og líðan,
- samstarfi barna og fullorðinna í leik.

Allir sem vinna við uppeldi og menntun í leikskóla skulu;

- sýna börnum virðingu, tala skýrt og fjölbreytt mál við þau,
- taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna í leik,
- spyrja börn opinna spurninga og hlusta eftir og skrá hvað þau eru að fást við og túlkun þeirra í leik,
- sýna jákvæðni gagnvart fjölbreytileika og því að hver og einn á rétt á hlutdeild í leikskólasamfélaginu á eigin forsendum,
- taka nýjungum á sviði miðla og tækni með opnum en gagnrýnum hug og nýta á skapandi hátt í leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- vera vakandi yfir námi, styrkleika og áhugamálum barna í leik,
- styðja við og efla jákvæð samskipti barna í leik,
- hafa frumkvæði að því að virkja öll börn til að geta tekið þátt í leik,
- taka þátt í leik barna á forsendum þeirra.

(Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2024; Handbók um leik barna í leikskólum, 2024).

4. GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR.

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmennti læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla. Þrátt fyrir að einstök námssvið samvinnist hefur hvert svið sín sérkenni og styrkist með leik. (Aðalnámskrá leikskóla 2011, Handbók um leik barna í leikskólum, 2024).

4.1. LÆSI OG SAMSKIPTI



Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau t.d. ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Við leggjum áhersla á jákvæð og uppbyggilega samskipti strax við upphaf leikskólagöngu við barnið og fjölskyldu þess.

4.1.1. LÆSI OG SAMSKIPTI Í LEIKSKÓLANUM



Í leikskólanum er lögð áhersla á að nemendur öðlist færni í að verða læs á umhverfi sitt. Að þau læri á og aðlagast í mismunandi aðstæðum.

Við nýtum öll þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla málþroska s.s. í daglegu starfi á deildum, í fataherbergi, í samverustundum, hópastarfi, útiveru, útinámi, í söng og við lestur. Einnig eru sérstakir tímar þar sem við förum í markvissa málörvun og vinnum meðal annars með rím, romsur, sögur, þulur, samsett orð, klappa orðin, para saman orð, framburð, merkingu orða o.s.frv.

Í hvíld í hádeginu er bæði lesið og einnig er hlustað á sögur. Reglulega er gleðistund þar sem börnin koma saman frá öllum deildum og ýmist syngja, dansa og æfa sig að koma fram fyrir hóp með því að vera með leikþætti og/eða skemmtiatriði.

4.2. HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN



Leikskólinn leggur upp með börn að læri að tileinka sér heilbrigða lífshætti eins og hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan

barna og góðri heilsu. Umhyggja skipar stóran sess og mikilvægt að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

4.2.1 HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN Í LEIKSKÓLANUM



Til að stuðla að heilbrigði og velferð er lögð áhersla á hreyfingu bæði úti og inni. Hreyfistundir eru inn á deildum, úti á lóð og í útinámi. Það er í formi leikja, gönguferða og einnig er stundum settar upp þrautir bæði inni og úti.

Stór garður með háum gróðri og fjölbreyttum leiktækjum er í kringum leikskólann. Lögð er áhersla á útiveru a.m.k. einu sinni á dag og oftast ef vel veðrar. Börn fara í útinám frá 2. ára aldri sem hæfir aldri og þroska. Yngri börnin fara í ferðir hér um nánasta umhverfi leikskólans en þau eldri fara í lengri og meira krefjandi ferðir s.s. upp í fjall, niður í fjöru og á íþróttasvæðið, í skógræktina og jafnvel lengra. Jónsgarður er rétt hjá okkur og er hann vel nýttur í leik og uppgötvunarnám.



Þegar kemur að næringu og hvíld er boðið upp á hollan og góðan mat sem eldaður er frá grunni í leikskólanum. Einnig er boðið upp á ávexti og grænmeti daglega og börn hafa alltaf aðgang að vatni. Kennari situr til borðs með börnum og lögð er áhersla á fræðandi og notalega stund við matarborðið. Eftir matartímann fara öll börn í hvíld þar sem lögð er áhersla á ró og slökun, lesin saga fyrir þau sem ekki sofa. Flest börn dvelja 8 klst. í leikskóla á dag og teljum við mikilvægt að hvert barn fái rólega stund í hádeginu og séu þá tilbúnari til að takast á við fjölbreytt verkefni í leikskólanum.

Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á umhyggju og virðingu. Börnin læra jákvæð samskipti og þeim er hjálpað við að byggja upp félagsleg tengsl við önnur börn, eignast vini og félagi á jafnréttisgrundvelli. Með velferð barna að leiðarljósi leiðbeina kennarar og hjálpa börnunum að ábyrgjast eigin hegðun og að leysa úr ágreiningi. Til að börn öðlast jákvæða sjálfsmynd þurfa þau að hafa trú á eigin getu og geta tekist á við ný viðfangsefni og aðstæður. Sköpun er mikilvægur þáttur í andlegri vellíðan barna og eflir sjálfsmynd barnsins. Því er lagt mikið upp úr að umhverfið örvi og styðji skapandi starf, styðji flæði hugsana og sjálfstæð vinnubrögð.



4.3.SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI



Í leikskólanum læra börn að umgangast umhverfi sitt af virðingu og læra að bera sameiginlega ábyrgð á því bæði í leik inni og úti á lóð. Þegar börnin fara í útinám út fyrir lóð leikskólans læra þau

m.a. og að kanna, rannsaka og læra á umhverfi sitt. Það er hlutverk okkar fullorðnu að leiðbeina börnum með að allt sem við gerum hefur áhrif á umhverfið. Það gerum við m.a. með því að vinna með verðlaust efni og endurnýta það, flokka, taka upp og fjarlægja rusl sem á vegi okkar verður og við ráðum við, henda sem minnst af mat, fara sparlega með sápu og pappírspurrkur við handþvott. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélagsins. Sjálfbærni og þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í jafn góðu eða betra ástandi en við tókum við því (Aðalnámskrá,2023).

4.3.1. SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI Í LEIKSKÓLANUM



Í leikskólanum Sólborg er stuðlað að sjálfbærni og vísindalega hugsun með því að leggja áherslu á útinám, náttúruna og umhverfið. Í skipulögðu útinámi allt árið um kring læra börnin að þekkja og greina á milli mismunandi árstíða ásamt því að læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Í leikskólanum er efnisveita þar sem er safn verðlausra efna og nýtt til leiks og sköpunar. Börnunum er leiðsinnt hvernig umgangast eigi náttúruna og umhverfið af virðingu með því að endurnýta og hafa rusl í lágmarki, týna upp rusl í náttúrunni og umhverfi okkar.


Í daglegu starfi er unnið með stærðfræði eins og með tákni, tölur, form, munstur, stærðir og lögun. Kubbar af ýmsum stærðum og gerðum eru notaðir í leik. Börnin læra að flokka, bera saman rannsaka og draga ályktanir.

4.4 SKÖPUN OG MENNING



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum (Aðalnámskrá leikskóla,2023).

4.4.1. SKÖPUN OG MENNING Í LEIKSKÓLANUM



Á leikskólanum Sólborg leggjum við áherslu á sköpun og menningu með því að vera með sköpun í hóp- og þemastarfi þar sem börnunum er boðið upp á fjölbreyttan efnivið og áhöld til að skapa, skynja, upplifa og rannsaka. Starfsfólk skráir nám barnanna og gerir

Það sýnilegt í leikskólanum, á Karellen, á fésbókarsíðu, á Instagram og í netpósti til foreldra. Einnig á hvert barn sína leikskólamöppu sem kennarinn safnar í skráningum yfir leikskólaárin. Barnið fær möppuna afhenta í útskriftarveislunni sinni sem er haldin áður en barnið hættir hjá okkur og byrjar á 5 ára deildinni Tanga.

Í leikskólanum hafa skapast ákveðnar hefðir og siðir sem haldið er í. Meðal árvissra viðburða er m.a. dagur leikskólans, dagur íslenskrar tungu, afmæli leikskólans, sólborgarsýning, útskrift, og ýmsar ferðir. Auk þess er haldið upp á þjóðlega daga s.s. bóndadaginn með þorrablóti, skötuveislu á Þorláksmessu, bolludaginn með bollum og maskaballi. Við fögnum þjóðhátíðardögum þeirra barna sem hjá okkur eru í samráði við foreldra s.s. með söng, hlusta á lög frá þjóðlandi barnsins. Á afmælisdegi barns er borðfáni þess þjóðlands sem barnið kemur frá með í afmælisveislunni ásamt íslenska fánanum.

4.5. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI



Rækta þarf viðhorf barna til lýðræðis þar sem forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni allra í samfélaginu. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur í sér bæði virðingu fyrir mannréttindum og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Skapa þarf jöfn tækifæri fyrir barnið að þroskast á eigin forsendum.

4.5.1. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI Í LEIKSKÓLANUM



Leitast er við að rækta viðhorf barna til lýðræðis og mannréttinda með þátttöku þeirra í daglegu starfi, þeim er gefið tækifæri á vali um verkefni og vinnubrögð. Leitað er eftir hugmyndum og skoðunum þeirra á málefnum daglegra verkefna leikskólans og hafi þau þannig áhrif á verkefnavali. Þau fá tækifæri á að taka þátt í heimspekilegum umræðum og virðing borin fyrir manngildum þeirra, hæfileikum og þroskamöguleikum.

Í leikskólanum fá börnin jöfn tækifæri til leiks og náms í samfélagi við önnur börn. Þar sem þau læra að sýna tillitssemi, umhyggju og sjálfshjálp með því að taka þátt, skiptast á skoðunum og aðstoða hvert annað.

5. HUGMYNDAFRÆÐI OG ÁHERSLUR



Í Sólborg er unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og eiga þær að endurspeglast í öllu starfi skólans, m.a. í skapandi hugsun, í listsköpun með opinn efnivið, útinámi, í frjálsum leik, læsi, aldursblöndun, í sérkennslu og góðu foreldrasamstarfi. Í ofangreindum aðferðum er áherslan lögð á margbreytileikann í barnahópnum, góðan og samstilltan starfsmannahóp og gott foreldrasamstarf.

5.1. EINKUNNARORÐ LEIKSKÓLANS



Með einkunnarorðum leikskólans **virðing—leikur—upplifun** er leitast við að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að þau verði sjálfstæð og læs á umhverfið sitt. Að þeim líði vel í leik, samskiptum og í skapandi starfi. Að þau læri að vera tillitssöm, með frjóa og skapandi hugsun.

Virðing



Við berum virðingu fyrir margbreytileikanum og í leikskólanum á öllum að líða vel óháð útliti, getu, uppruna og/eða aldri.

Leikur



Leikur er börnum eðlislægur og er þeirra lífstjáning. Í gegnum leikinn læra þau að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar og tilfinningar, próa félagsleg tengsl við börn og fullorðna.

Upplifun



Við ýtum undir forvitni og undrun barna með upplifunum. Áherslan er upplifun á viðfangsefninu frekar en svör eða niðurstöður. Börnin fá tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið sem gefur þeim meiri möguleika á að velja sjálf leiðir.

5.2. HUGMYNDAFRÆÐI LEIKSKÓLANS – STARF Í ANDA REGGIO EMILIA

Leikskólastarf í anda Reggio Emilia er kennt við borg á Ítalíu og byggir á hugmyndum Loris Malaguzzi, en hann var uppeldisfræðilegur leiðtogi leikskólanna. Mótandi þættir hugmynda hans er sýn á barnið, að það eigi að skapa sína eigin þekkingu en ekki vera óvirkur viðtakandi. Það að gefa barninu færi á að nýta sér fleiri tjáningarleiðir en hafa tíðkast í hefðbundnu skóla-kerfi. Tjáning og sköpun eru virkir þættir í námi barnanna og hluti af daglegu lífi þeirra. Lögð er áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, ásamt lýðræði. Notaðar eru uppeldisfræðilegar skráningar til að nálgast hugmyndir og tilgátur barna.

Hlutverk kennarans í Reggio Emilia starfi er að **hlusta** og reyna að sjá hvaða stefnu barnið tekur þegar það tileinkar sér þekkingu og að **styðja** barnið í þeirri stefnu sem það tekur þ.e. kennarinn þarf að læra að grípa boltann sem barnið kastar til hans og kasta boltanum á þann hátt til baka að barnið vilji halda áfram. Í hugmyndafræði leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia er því haldið fram að í leikskóla móti þrír kennarar barnið þ.e. **leikskólakennarinn, barnahópurinn og umhverfið**. Til þess að svo geti orðið verður umhverfið að virka hvetjandi á sköpunargáfu og samskipti barnanna.



Í Reggio Emilia starfi er mikið rökrætt við börnin, jafnvel mjög ung börn og spurt opinna spurninga – **hvað – hvernig – hvers vegna**. Opnar spurningar hvetja börnin til að leita svara. Þau verða að fá nægan tíma til þess að hugsa og leita svara. Mikilvægt er að hinn fullorðni hlusti á barnið og skrái hjá sér. Með því öðlast hinn fullorðni betri skilning og þekkingu á hugarheimi barnsins. Mikið er lagt upp úr hinu sjónræna uppeldi barnsins. Börn eru **ekki** sljóir viðtakendur heldur á umhverfið að vera þannig að það virki hvetjandi og leiði til skapandi hugsunar. Mikilvægt er að skilja samhengið á milli þess sem barnið sér með eigin augum.

Börn eiga að fá verkefni til þess að vinna úr, festa í minni reynslu sína og æfa sig í að tjá sig á einhverjum af sínum hundruð málum. Börnum er kennt að sjá og skilgreina hlutina, sjá þá út frá mörgum ólíkum hliðum, skynja margbreytileikann, ígrunda og taka afstöðu. Með þessum hætti mótast **gagnrýn hugsun**.

5.3. SKÖPUN, SKAPANDI EFNIVIÐUR OG ÞEMAVINNA.



Í Sólborg er töluvert af skapandi efnivið og unnið skapandi starf af ýmsum toga á öllum deildum, en mismunandi leiðir eru farnar eftir aldri og þroska barnanna. Börnunum er kennt að skilgreina hlutina, sjá þá frá mismunandi hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka að lokum afstöðu og þróa þannig með sér gagnrýna hugsun.

Við viljum veita börnunum tækifæri til að auka sköpunarhæfni sína, gera umhverfið síbreytilegt og vekja þannig upp forvitni hjá börnunum og ýta undir sköpunargleði þeirra. Sköpun er mikilvæg tjáningarleið sem hjálpar börnum að tjá sig á eigin forsendum og skynja umhverfið.

Við vinnum mikið með opinn efnivið í verkefnavinnu sem leiðir til sköpunar og hvetur börnin til að leita lausna í allri verkefnavinnu. Við gerum frjálsa leiknum hátt undir höfði því við teljum að í honum fari fram mikilvægt sköpunarferli.

Í þemavinnu er unnið á margvíslegan hátt. Við vinnum í litlum hópum og jafnvel í flæði milli hópa eftir því sem hentar barnahópnum, kennarahópnum eða viðfangsefninu hverju sinni.

Stöðugt er unnið með uppgötvun og tjáningu barnsins í ferlinu. Við val á þema er tekið mið af áhuga og reynslu barnanna og reynt að styrkja sjálfsvitund og sjálfsmynd barnsins.

5.4. SKRÁNINGAR



Skráningar eru mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Reggio Emilia.

Skráningar gera starfið sýnilegra og með þeim er hægt að fylgjast betur með þeirri þróun sem á sér stað í náms- og sköpunarferli barnsins. Leikskólamappa barnsins hefur að geyma skráningar sem unnar eru af kennurum. Nám og áhugasvið barnsins er sýnilegt í möppunni. Notast er við ljósmyndaskráningar, textaskráningar, tekin eru samtöl, ferli skráð í máli og myndum og myndverk barnanna skoðuð.

5.5. JÁKVÆÐUR AGI



Jákvæður agi byggir á sjálfstjórnarkenningum sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni, meginreglur jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingu og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningu, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

5.6. VINAVERKEFNIÐ BLÆR



Bangsinn Blær er hluti af vinaverkefni Barnaheilla sem heitir Vináttu og er forvarnarkerfni gegn einelti.

Verkefnið var þróað og mótað af Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children í Danmörku og nefnist á dönsku *Fri for mobberi*. Verkefnið var tekið í notkun í Danmörku árið 2007 og sýna kannanir að einelti í leikskólum sem nota efnið hefur minnkað til muna. Forvarnarkerfnið byggir á að því að einelti sé á ábyrgð hinna fullorðna sem umgangast börnin daglega og hafa tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti og ber í raun skylda til þess. Verkefnið byggir á fjórum grunngildum:

Umburðarlyndi: Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.

Virðing: Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttir annarra.

Umhyggja: Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki: Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi og þau verði sam-ofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsmenn leikskólans.

6. FORELDRASAMSTARF



Foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu.

Í leikskólanum er reynt að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans og lögð rækt við að samskipti heimilis og leikskólans séu gagnkvæm. Samstarf og samvinna skiptir miklu máli og er grundvöllur góðs leikskólastarfs. Báðir aðilar eru sérfræðingar á sínu sviði, foreldra í málefnum barna sinna og leikskólakennarar í námsumhverfi ungra barna. Bæði formlegt og óformlegt samstarf er þáttur í daglegu starfi leikskólans sem felst í fundum, viðtölum, margvíslegum upptákum og ekki síst daglegum samskiptum foreldra, barna og starfsfólks. Við á Sólborg viljum leggja okkur fram við að foreldrar finni að þeir eru velkomnir í



leikskólann, að þeir eigi hlutdeild í uppeldi barna sinna þar og að þeir finni að hlustað sé á raddir þeirra.

Starfsmenn leikskólans eiga að leggja sig fram við að sýna gott viðmót í samskiptum og taka vel á móti börnunum og veita góðar upplýsingar.

6.1. FORELDRAFÉLAG OG FORELDRARÁÐ

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag sem er jafnframt foreldraráð. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna og stuðla að samskiptum milli foreldra með skipulögðum samverustundum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsögn til leikskólans s.s. um skóladagatal og ef það verða meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu

7. MENNING LEIKSKÓLANS



Það er oft er talað um barnamenningu sem sérstaka menningu en hægt er að skipta henni í tvo hluta, annarsvegar menning fyrir börn og hins vegar menning sem börnin skapa sjálf.

Menning fyrir börn eru bækur, myndir leikrit og ljóð sem fullorðnir semja og gefa út með börn sem markhóp í huga.

Menning sem börnin skapa sjálf er það sem berst á milli barna og barnahópa í formi reglna í leik, jafnvel nafngifta. Daglega sjást bæði formin í leikskólanum. Menning leikskólabarna er samofin samfélaginu, tíðarandanum, þjóðmenningu, starfi leikskólans sem tengist leik þeirra, lýðræði og skapandi starfi. Börn móti sína eigin menningu til þess að skilja og skilgreina líf sitt og að þau nota leiki og annað skapandi starf til þess að fá botn í og rannsaka veröld hinna fullorðnu.

Hlutverk leikskólakennara varðandi menningu barna felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar ásamt því að gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Í leikskólanum er haldið í hefðir íslenskrar menningar og eru nokkrir liðir fastir í dagskrá leikskólans sem getur þó tekið breytingum milli ára s.s. þorablót, jólastund, konudagurinn, bóndadagurinn, dagur íslenskra tungu, bolludagur, öskudagur og sprengidagur, sólarganga til að fagna sumarkomu og 17. júní. Við fögnum líka þjóðhátíðardögum barna sem hjá okkur eru og eru með annað móðurmál/menningu. Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi barnsins og haldið er upp á hann í leikskólanum. Flaggað er með fána þess lands sem barnið kemur frá inn á deild auk íslenska fánans, mynd af afmælisbarninu er í heiðurssessi við deildina og/ eða á töflu í fataklefa barnsins. Barnið býr til eða hjálpar til við gerð afmælistórnanna á sínum forsendum. Í samverustund er kveikt á kertum, afmælissöngurinn sunginn og boðið upp á grænmeti og ávexti.

8. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA OG FARSÆLD BARNA



Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og litið á hvert barn sem hæfan, sjálfstæðan og skapandi einstakling. Hlustað er á hugmyndir barnanna og vinnan aðlöguð að hæfni og möguleikum þeirra. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag - samfélag margbreytileikans.

Ef grunur vaknar um frávík í þroska er hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar höfð að leiðarljósi og komið með íhlutun um leið og vandinn hefur verið greindur. Deildastjóri í samráði við sérkennslu-stjóra leggur mat á vanda og styrkleika barnsins. Þau matstæki sem notuð eru í frummati eru s.s. Orðaskil, ísl. Smábarnalistinn. Einstaklingsáætlun/viðbragðaaáætlun er gerð til 2-3 mánaða og farið yfir með foreldrum til samþykktar. Deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra meta stöðuna ásamt foreldrum um næstu skref. Hægt er að óska eftir aðkomu lausnateymis.

Ef þörf er á frekari athugun er ferli málsins skoðað og fyrirliggjandi gögn, leitað er áfram úrræða innan leikskólans. Meta þarf þörf fyrir samþætta þjónustu sé hún ekki hafinn. Deildastjóri og

sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra og foreldra vísa máli barnsins til skólaþjónustunnar ef endurskoðun einstaklingsáætlunarinnar eða íhlutun ber ekki árangur. Skriflegt samþykki frá foreldrum þarf alltaf í tilvísunum. Greiningar og athuganir gerðar og skýrsla unninn út frá athugunum. Niðurstöður og tillögur til útbóta kynnt foreldrum og leikskóla á svokölluðum skilafundi. Skólaþjónustan vísar málinu í samráði við leikskóla og foreldra til sérhæfðrar þjónustu utan skólans ef þörf er á s.s. Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

8.1. FARSÆLD BARNA

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra.

Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttatímabænda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á. Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn sé þess óskað. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín.

Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf. Tilgangur lögjafarinnar er að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Börn eiga rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þau sem veita þjónustu eiga að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska (Farsæld barna, 2024)

9. MAT OG MATSÆÐFERÐIR



Lög um leikskóla frá 2008 kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Niðurstöður úr matinu skulu birtar opinberlega. Til að þróa og bæta starfið og kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð þarf að framkvæma mat.

Matið þarf að ná yfir heildarstarf skólans og mikilvægt er að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við það. Ársskýrsla er svo unnin út frá því mati sem fram hefur farið í leikskólanum. Á haustin er gerð starfsáætlun og þá eru endurskoðuð þau verkefni og markmið sem sett voru og ný starfsmarkmið sett.

9.1. YTRA MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Matið felst í úttekt á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess.

Fræðslunefnd hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það er gert með því að m.a. kalla eftir starfsáætlunum og ársskýrslu, skóladagatölum og öðrum þeim áætlunum sem eiga við hverju sinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum.

9.2. INNRA MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Innra mat leikskólans miðar að því að meta leikskólastarfið með kerfisbundnum hætti til að finna veik- og styrkleika starfsins á sem víðastan hátt. Matið nær yfir alla þætti leikskólastarfsins og miðar að því að allir helstu hagsmunaaðilar leikskólans komi að matinu þ.e. starfsfólk, börn og foreldrar. Stuðst er við fjölbreyttar

matsaðferðir og eru þær í formi viðhorfsskannana, viðtala, rýnifunda, rýni í skráningargögn og matslista. Að vori er allt mat tekið saman í endurmatsskýrslu og gerð er umbótaáætlun sem er liður í starfsáætlun leikskólans.

9.3. MAT STARFSFÓLKS OG BARNA LEIKSKÓLANS



Starfsfólk metur jöfnum höndum starfið á deildinni og í leikskólanum á deildarfundum, deildarstjórafundum, á starfsmannafundum og á starfsdögum. Leikskólinn notar einnig skráningar af starfinu með einstaka barn eða barnahópinum til að fara yfir hvernig gengur og til að hlusta á raddir barnanna.

Leikskólastjóri býður upp á starfssamtal á hverju vori. Það er til þess gert að viðkomandi geta komið á framfæri athugasemdum sem tengjast starfinu s.s. almenn líðan, óskir um breytingar, framþróun, fræðslu, vinnuaðstöðu og öllu því sem getur orðið til góðs fyrir starfsmanninn sjálfan og til að gera leikskólann að góðum vinnustað.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir annað hvert ár. Niðurstöður eru rýndar og gerðar umbætur ef þörf er á.

Öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður fara yfir vinnuöryggi starfsfólks reglulega yfir skólaárið og leggja fyrir könnun 2-3 hvert ár um líðan í vinnunni sem síðan er kynnt fyrir starfsfólki og gerð áætlun um úrbætur ef þörf er á. Sérstök móttökuáætlun er til um það hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki og því fylgt eftir í starfi.

9.4. MAT FORELDRA



Foreldrasamtöl standa foreldrum til boða með formlegum hætti einu sinni á ári á vorönn. Niðurstöður eru nýttar til að fara yfir það sem vel er gert og hvað þarf að bæta. Foreldrar stendur alltaf í boði viðtali við viðkomandi deildastjóra eða hópstjóra ef þörf er á að ræða einstök mál.

Í foreldrasamtölum er leitast við að fá mat foreldra á því hvernig leikskólinn mætir þörfum barna þeirra. Annað hvert ár er lögð fyrir Foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem þeir eru m.a. spurðir út í ánægju þeirra með leikskólann, upplýsingaflæði, þekkingu á starfsaðferðum o.fl. Í kjölfar athugasemda foreldra eru gerðar umbætur.

10. LOKAORÐ

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að hver leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá. Í henni á að gera grein fyrir starfsemi leikskólans, markmiðum, leiðum og gildum.

Með skólanámskrá þessari vonumst við til að foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar verði betur upplýstir um það starf sem fer fram í leikskólanum. Hún gegnir einnig því hlutverki að vera vinnutæki og leiðarvísir kennara. Grunnhugsun kennara í leikskólanum er að starfa af fagmennsku, sýna virðingu og stuðla þannig að því að öllum sem eru í og tengjast leikskólanum líði vel. Það er forsenda alls náms.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá leikskóla, 2011, <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Handbók um leik barna í leikskólum 2024, <https://adalnamskra.is/greinar/leikskoli>

Lög um leikskóla, 2008, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Farsæld barna 2024, <https://www.farsaeldbarna.is/is/farsaeldarlogin>